



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **ágúst**. Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. ágúst 2019**

Frá Bókasafni Hrunamanna

<u>Opið:</u>	
Mánudaga	Kl. 19-20
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18



Á Bókasafni Hrunamanna er tölva fyrir almenning sem tengd er internetinu, 30 mínútur á 150 kr.

Krakkar ! Á bókasafninu má finna fjölbreytt efni fyrir sumarlesturinn ☺


Minum á að alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 480 6628


Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á



VERIÐ VELKOMIN



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

7. júní-5. júlí: og 6. ágúst-15. ágúst

Mánud-föstud: 13:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Frá 6. júlí –5. ágúst:

Mánudaga til föstudaga: 10:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 10:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími 1. júní-12. júlí:

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga: 17:20-20:00.

LOKAÐ eftir 12. júlí

6-16. ágúst opið: mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30



júní 2019
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

29. árgangur.
338.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Júní mánuður er staðreynd og enginn vafi á að sumarið er komið. Það virðast vera slegin íslandsmet í góðu veðri síðustu vikunnar, sama við hvern er talað um það. Ég var svo heppinn að fara í landgræðsluferð Landgræðslufélagsins upp á Hrunamannafrétt og eftir því sem menn komast næst er þetta í fyrsta skipti sem slík ferð er farin í maí. Annars hefur félagið lyft grettistaki í landgræðslu á svæðinu og á mikið hrós skilið fyrir störf sín. Þeim hugmyndum hefur líka verið hreyft hvort skynsamlegt sé að skoða hvort ákveðin svæði í landgræðslugirðingunni henti í skógrækt ef átak í kolefnisbindingu kemst á fulla ferð.

Síðan má minnast á að landgræðsluferðin var fyrsti opinberi heilsueflandi viðburður í sveitarfélaginu í kjölfar þess að skrifað var undir yfirlýsingu með landlækni um að Hrunamannahreppur sé orðinn formlegur þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag. Það verður spennandi að vinna að þessu verkefni og blanda því inn í það sem sveitafélagið og félagasamtök í sveitarfélaginu eru að gera.

Annars eru mörg verkefni í gangi sem snúa að umhverfi okkar en umhverfisdagurinn var haldinn með pomp og pragt og að sjálfsögðu líka í góðu veðri. Síðan má nefna átak sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byrjað að vinna í sem snertir lóðahreinsun og númeralausar bifreiðar. Nú geta menn átt von á grundvelli viðvörunar að slíkir hlutir verði fjarlægðir á kostnað eiganda. Ég vona að fólk almennt taki þetta til sín þannig að ekki þurfi að fara að ráðast í aðgerðir en því miður er víða pottur brotinn í þessu hjá okkur. Eitt jákvætt umhverfismál hefur þó átt sér stað og það er uppbygging stíga o.fl við Hrunalaug. Ég hvet fólk að gera sér ferð upp að lauginni en það er mikill munur á svæðinu þó verkefninu sé eflaust aldrei lokið.

Varðandi úrgangsmálin þá verður að segjast að nýjustu tölur benda til þess að það sé alltof mikið að fara í almennan úrgang. Til upplýsingar varðandi magn og kostnað við förgun í apríl s.l. fóru 34,5 tonn í almennan úrgang sem kosta í eyðingu 1,4 milljónir og síðan 23,5 tonn af grófum úrgangi af gámasvæðinu sem kosta okkur 940 þús. Í brúnu tunnuna komu 2,3 tonn sem kostuðu 44 þús, í bláu tunnuna komu 6,6 tonn sem kostu 0 krónur og í bláa pappagáminn komu 5,3 tonn af pappa og þar voru okkur borgaðar kr. 4 á hvert kíló þannig að okkur voru greiddar kr. 21.200 fyrir pappann. Þetta sýnir að flokkun borgar sig og við erum því miður ekki að standa okkur nógu vel.

Ég vil síðan minna á að við erum búin að láta kurla fyrir okkur tré og timbur upp á gámasvæði sem ég vil hvetja fólk að ganga ókeypis í. Við þurfum reyndar að halda eitthverju eftir af besta kurlinu okkar til að nota í stígagerð í Lækjargarðinum en að því slepptu er þetta allt í boðinu. Það eru nokkar breytingar í starfsmannahaldi í sveitarfélaginu. Guðrún Pétursdóttir skólastjóri Flúðaskóla óskaði eftir að láta af störfum og hefur Jóhanna Lilja Arnarsdóttir verið ráðin í hennar stað. Þá hefur Bjarni Birgisson látið af störfum sem kokkur í mötuneytinu og hefur Ævar Austfjörð verið ráðinn í hans stað. Þá hefur María Kristjánsdóttir látið af störfum sem forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og Ragnheiður Hergeirsdóttir verið ráðin í hennar stað. Þá sögðu þau Agnar og Margrét á Ísabakka upp skólaakstri á Miðfellsleiðinni og hefur Jóhann Marelsson verið ráðinn til að taka þá leið að sér á næsta skólaári. Vil ég þakka öllu þessu góða fólki fyrir góð störf og bjóða nýtt fólk velkomid til starfa.

Annars er ýmislegt að gerast í kringum Flúðaskóla. Búið er að samþykkja hönnun á skólalóðinni og verður þá eftir því sem fjármagn leyfir farið í framkvæmdir. Verið er að leggja lokahönd á að endurnýja gerfigrasið á sparkvellingnum og verður gott að vera laus við gúmmíkurlið. Þá vil ég óska þeim nemendum Flúðaskóla sem komust í Nýsköpunarkeppi grunnskólanna til hamingju með þá viðurkenningu, það er mjög athyglisvert hvað mörg börn hafa komist í þessa keppni í gegnum árin frá Flúðaskóla. Framtíðin kallar nefnilega á það að fólk hugsi út fyrir kassann.

Það er aðeins hreyfing á húsnæðismálum í sveitarfélaginu. Sótt hefur verið um lóðir á Flúðum og verið er að skoða hvort hægt sé að koma við breytingu á deiliskipulagi til að koma til móts við óskir umsækjenda. Þá styttist í að bygging Guðmundar á Sóleyjarbakka komist í gagnið sem ætti að verða innlegg í húsnæðismálin. Annars tók sveitarstjórn þá ákvörðun að gera breytingar á leiguverði þess íbúðarhúsnæðis sem það er með í útleigu þannig að fermetraverð leigunnar var samræmt sem er ákveðið sanngirnismál og verður vonandi til þess að við séum nær markaðsverði og auðveldar einnig rekstur þessara eininga. Þá gerðust einnig þau tíðindi að Míla hefur flutt starfssemi sína úr Ráðhúsinu í miðju Hrunaljóss í Félagsheimilinu. Það gefur okkur kost á að endurhanna aðeins Ráðhúsið, þannig að aðstaða starfsmanna og fundaraðstaða breytist til batnaðar.

Ég vil að lokum hvetja alla til að taka þátt í Heilsueflandi Samfélagi í Hrunamannahreppi, taka þátt í gönguferðum sumarins, nýta sér aðstöðu sveitarfélagsins í sundlaug og tækjasal og að öðru sem kann að stuðla að bættri líðan. Ég hvet fólk til að taka þátt í 17 júnihátíðarhöldunum á Flúðum og njóta þess að vera saman á þeim degi og muna að taka sjálfstæðinu ekki sem gefnum hlut.

Þésinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlíþistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel og lengi

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Nú er tækifærið !!

Heilsueflandi kolefnisjöfnun



Skógræktarfélag Hrunamannahrepps stendur fyrir sinni árlegu útplöntun í skógræktarreitinn í Kópsvatnsás. Við útplöntun leggur þú þitt til að jafna kolefnisspor þín auk þess að efla heilsuna.

Tveir útplöntunardagar verða að þessu sinni,
12. og 13. júní um klukkan 20:30.
Mætumst við kofann við Kópsvatnsás.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Ég kem ekki til með að auglýsa fasta tíma í sumar, en alltaf er hægt að hringja og panta tíma hjá mér.

Tímabantanir í síma: 863 0433.

Allir velkomnir
Með sumarkveðju



Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

Afleysingar/hlutastarf

Við erum að leita að manneskju í hlutastarf/afleysingar við umsjón á rekstri gististaða í Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða 2-3 daga í viku, 2-4 klst. í senn, misjafnt eftir dögum og vikum.

Allar upplýsingar í síma 8635518.

Áhugasamir geta kynnt sér reksturinn á heimasíðunni www.au44.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Höfuðland frá landnámi

We serve what we grow



Farmers Bistro - reiðin 2019

3ja tíma reið



Kæru sveitungar. Okkur á Farmers Bistro langar að bjóða ykkur í léttan reiðtúr um fallegu sveitina okkar um 15 km reið fimmtudaginn 6. júní. Boðið upp á Friðrik mikla sem er paprikusnafs í gerðinu fyrir utan Farmers Bistro og léttar veitingar í áningum.

Lagt af stað frá Farmers Bistro kl. 19:00.

Hægt að skilja hestana eftir í girðingu yfir nótt hjá Farmers Bistro.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Það væri ágætt ef þið létuð vitað um þátttöku í sms í 766-0808 svo nóg verði af veitingum 🍄

Hvernig sköpum við hvetjandi og heilsueflandi samfélag?

Við skorum á íbúa Hrunamannahrepps til að koma með tillögur um hvað þarf að gera til að skapa okkar heilsueflandi samfélag.

Þessa þarfagreiningu má finna bæði á heimasíðunni: www.fludir.is, og á fésbókarhópi sveitarfélagsins.

Koma má með tillögur fyrir mismunandi hópa: börn og unglinga, ungt fólk, fullorðna, innflytjendur og eldri borgara. Könnunin verður opin til og með sunnudaginn 9. Júní.

Komdu og vertu með!

Gunnar Gunnarsson

Verkefnastjóri

heilsueflandi@fludir.is

sími: 8925532



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com - [facebook.com/NG ehf](https://www.facebook.com/NG ehf)



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Knattspyrnuæfingar í uppsveitum sumarið 2019

Boðið verður upp á knattspyrnuæfingar í Reykholti, Laugarvatni og Flúðum í sumar fyrir börn og ungingla í 1.-10. bekk. Fyrir sama gjald geta iðkkendur á þessum stöðum æft 4 sinnum í viku. Gjaldíð er 13.000 krónur fyrir sumarið.

Ungmennafélag BÍSK, Laugdæla og Hrunamanna koma að samstarfinu og vonast til þess að sem flestir gesti nýtt sér þetta starf og að sjálfsögu eru áhugasamir krakkar í nágrennsveitarfélögum hvattir til þess að taka þátt. Þjálfarar verða þeir Gústaf Sæland og Anthony Karl Flores. Gústaf sér um æfingarnar á Flúðum og í Reykholti en saman verða þeir með starfið á Laugarvatni.

Sumartímabilið byrjar 3. júní.

Hópunum er skipt eftir aldri. Yngri: 1.-4. bekkur (árgangar 2012-2009) og eldri; 5.-10. bekkur (árgangar 2008-2003). Athugið að elsta stig á leikskóla eða þeir sem eru að byrja í grunnskóla í haust er boðið að taka þátt á æfingum hjá yngri hópunum.

Æfingar verða sem hér segir:

Mánudagar: Reykholt

Yngri 13:00-14:30

Eldri 14:30-16:00

Þriðjudagar: Flúðir

Yngri 13:00-14:30

Eldri 14:30-16:00

Miðvikudagar: Laugarvatn

Yngri og eldri 13:00-14:30

Fimmtudagar: Flúðir (Með fyrirvara um breytingar vegna móta)

Yngri 13:00-14:30

Eldri 14:30-16:00

Vinsamlegast sendið
fyrirspurnir og skráningar á
netfangið:
umfh.fofbolti@gmail.com



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokun.
Tímappantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðapjónustu
og viðburði í Uppsveitunum



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá 12. ágúst 2019

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldisilungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafríar mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flóðum
Hrunamannshrepp

@litlamelabudin
www.facebook.com/litlamelabudin/



Sumardagurinn fyrsti

Jarðvarmi nýttur til rafmagnsframleiðslu.

Vel á annað hundrað manns mættu við vígsluhátíð Flúðaorku, Kópsvatnsvirkjun á Sumardaginn fyrsta. Varmaorkuverið nýtir lágvarma til raforkuframleiðslu. Heimamenn nutu þess að læra um tæknilega þætti og getu virkjunarinnar. Farið var yfir í nokkrum orðum, upphaf verkefnisins, sýndar myndir og myndband frá byggingartíma og útfærslu hönnunar. Verkefnið hófst fyrir rúmlega ári síðan og er orkuverið nú komið í stöðuga framleiðslu.

Efnt var til samkeppni um bestu tillöguna að nýtingu á raforkunni og bárust tugir hugmynda um nýsköpun atvinnulífs í sveitarfélaginu:

Störfum dómnefndar er lokið og væri hægt að fylla 2-3 Pésa ef þeim yrði öllum gerð góð skil.

Samkvæmt rýni dómnefndar sem hafði m.a. nýtingu rafmagns að leiðarljósi voru eftirtaldar tillögur valdar:

1. Uppsetning Gagnavers með tillkomu ljósleiðara. (aðalvinningstillaga) Vinningshafi. Þráinn Þórarinsson, Reykjadal.
2. Tillaga um að nýta rafmagnið beint inní gróðurhúsin án milliliða.
3. Uppsetning á innstungum fyrir rafmagnsbíla.
4. Setja upp vélbúnað til framleiðslu eggjabakka.

Í aðalvinning er árskort í leikhús fyrir tvo og verður vinningshafa afhent verðlaunin fljótlega. Hugmyndasmiðum tillagna 2-4 verða sendar þakkir fyrir þáttökuna. Vonandi verður hægt að fylgja einhverjum þeirra fjölmörgu hugmynda sem bárust eftir með frekari kynningu og úrvinnslu.

Stjórnir veitna og sveitarstjórnarfolk á Íslandi hafa komið að Kópavatni og kynnt sér hvaða tækifæri þessi nýja tækni gefur og er uppbygging að hefjast víðar síðla sumars.



Sýnishorn af oddvitum s.l. áratugi í Hrunamannahreppi. Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti, Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Loftur Þorsteinsson fv. oddviti, Haukholtum.





17. júní á Farmer Bistro í Flúðasveppum

Opið 12:00-17:00

- 12 ára og yngri fá frítt að borða í fylgd með fullorðnum
sælkerahlaðborð eða grilluð samloka m/skinku&osti

•Hestar í gerðinu hjá okkur

- Blöðrur fyrir börnin (meðan birgðir endast)

Borðapantanir í síma 5190808 eða

booking@farmersbistro.is

Garðastígur 8, 845 Flúðir



Matseðill Farmers Bistro

Sælkerahláðborð - kaffi & te innifalið	2.390 kr.
<i>Innifalið í sælkerahláðborði er sveppasúpa með hvítum matarsveppum, kastaníusveppum og portobello sveppum. Heimabakað hvítlauksbrauð, súrdeigsbrauð og byggbrauð. Papríku- og chilli sulfa, smjörsteikir svappir með timían, papríku og sveppa tapenade, marenaðir sveppir, smjör, sveppasmjör og hvítlauksmjör.</i>	
Kjúklingasalát með engifer- og chilli dressingu	2.490 kr.
Lambasveppabaggi með fersku salati og kaldri kryddjurta dressingu	2.490 kr.
Portobelloborgari með fersku grænmeti og hvítlauks- og basílsósu NÝTT !	2.490 kr.
Ketóborgari 140 gr Kjöt frá Koti með fersku grænmeti, osti, sjurdum rjóma, Salsa úr íslenskum tómatum, guacamole og chorizo NÝTT !	2.190 kr.
Grænmetisbuff með fersku salati & hvítlauksbasílsósu	2.100 kr.
Barnaréttir	990 kr.
Eftirréttir	
Sveppaís	1.190 kr.
Gulrótaris	1.190 kr.
Gulrótar/byggkaka með ostakremi & gulrótar marmelaði	1.190 kr.
Drykkir	
Georg - ferskur gulrótardrykkur	950 kr.
Georg mikli - ferskur gulrótarkokteill	1.500 kr.
Friðrik mikli - paprikusnafs	1.050 kr.
Ísaföld gin & tonic	1.590 kr.
Hvítvín og rauðvín	1.390 kr.
Bjór	950 kr.
Bjór frá Ölvisholti	1.200 kr. / 1.400 kr.
Gos	350 kr.
Appelsínusafi og eplasafi	250 kr.
Kaffi og te	350 kr.



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 18.00 - 21.30

*Frá og með 19. apríl, er opið
alla daga frá kl. 11.00 til 21.30*


Open everyday from 18.00 – 21.30

From the 19th of April: 11.00 – 21.30


Verið velkomin!
Everyone welcome!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is



Hrunmannahreppur - Flúðir - Tillaga að útfærslu skólalóðar



Þessi áætlun byggir á ákvarðun um að byggja skólalóð og byggja skólann í Flúðum. Áætlunin byggir á ákvarðun um að byggja skólalóð og byggja skólann í Flúðum. Áætlunin byggir á ákvarðun um að byggja skólalóð og byggja skólann í Flúðum.

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur

Grassvæði og þelur
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur
 Gróður
 Gullgras
 Tréskvæði og þelur



Nýi seyruvagninn hans Sigga Á..



Asparrætur á sparkvellinum!!

Til sölu.
Notaðar reiðskálmar til sölu.
Upplýsingar í síma: 867 6752



Skemmtiferð eldri Hrunamanna

Kæru félagar,

Það styttist óðum í skemmtiferðina okkar. Fjörutíu hafa nú þegar tilkynnt um þátttöku.

Við þurfum að láta rútfyrirtækið vita um fjölda fyrir 20. júní svo enn er tækifæri til að skrá sig.

Með sólskinskveðju

Bubba og Magnús

s. 862-3674 eða 893-3674

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími 2019

Mánudaga til föstudaga: 09:00–20:00

Laugardaga : 10:00–20:00

Sunnudaga: 10:00–20:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
30. maí	31. maí Brautarholt 18:00-20:00	1. júní Reykholt 18:00-20:30
6. júní	7. júní Flúðir 18-21	8. júní Borg 18:00-20:30
13. júní	14. júní Árnes 18:00-20:30	15. júní Reykholt 18:00-20:30
20. júní	21. júní Flúðir 18-21	22. júní Lokað í kvöld
27. júní	28. júní Brautarholt 18:00-20:30	29. júní Reykholt 18:00-20:30

Hrunaprestakall



Kæru sveitingar. Framundan eru tvær guðsþjónustur þann 23. júní en þá verður **úti guðsþjónusta við leiði Daða Halldórssonar í Steinsholti kl. 11 og svo er helgistund í Hrunakirkju kl. 20:30.** Ég verð í sumarleyfi 3. júlí til 5. ágúst og mun starfandi prestur í Skálholti leysa mig af á meðan. Fyrstu messur eftir sumarleyfi eru síðan **síðsumarsmessa í Tungufellskirkju sunnudaginn 11. ágúst kl. 14 og svo hestamannamessan sem í ár verður í Hrepphólakirkju kl. 14.** Hópreið leggur af stað frá Hruna kl. 11 með viðkomu í Hlíð.

Að lokum vek ég athygli á lítillsháttar breytingum sem orðið hafa á skipan sóknarnefndafólks á nýafstöðnum aðalsafnaðarfundum. Hægt er að nálgast þær upplýsingar á heimasíðunni, hruni.is.

Með ósk um blessunarríkt sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Kvennareiðtúr 19.júní 2019

Hinn árlegi kvennareiðtúr verður farinn þann 19.júní .Leggjum af stað frá Kópsvatni um kl 17:30. Farinn verður þægilegur hringur og endað á Kópsvatni þar sem við fáum eitthvað gott að borða, (muna eftir smá aur) og þar er líka góð aðstaða til að geyma hrossin.

Hlökkum til að sjá ykkur
Kveðja, nefndin
Viðburður á facebook, þar sem hægt verður
að skrá sig(eða í síma: 899 6412)
endilega fylgjast með þar.



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt



Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi

17. júní 2019

Dagskráin hefst með skrudgöngu sem leggur af stað frá íþróttahúsinu **kl. 13:30**.

Að henni lokinni, um kl. 14:00, hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu.

- Fjallkonan flytur ljóð
- Séra Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju
- Flutt verður hátíðarræða
- Umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps verða veitt
- Tilkynnt um val á íþróttamanni ársins í Hrunamannahreppi og auk þess verða afreksmenn í hinum ýmsu íþróttagreinum heiðraðir.

Að hátíðardagskrá lokinni verður ýmislegt í boði fyrir hátíðargesti.

- Unglingadeildin Vindur mun selja blöðrur og andlitsmálningu.
- 17. júní hlaupið verður að vanda þreytt strax að lokinni hátíðardagskrá.
- Sprell og koddaslagur verður í sundlauginni.
- Hoppukastalar verða í/við íþróttahús.

Hlökkum til að sjá ykkur í hátíðarskapi,
17. júní nefndin

